

## A 1837/välfärd

**Flytjandi** Norræn vinstri græn  
**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga  
um The Global Gag Rule****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda um

að taka afstöðu gegn The Global Gag Rule  
að efla norrænt samstarf um alþjóðaverkefni í þágu kyn- og  
frjósemisheilbrigðis og -réttinda kvenna

**Bakgrunnur**

Í janúar 2017 tóku Bandaríkin upp hina svokölluðu „Global Gag Rule“ að nýju. Regla þessi, sem stjórnvöld í Bandaríkjunum nefna Protecting Life in Global Health Assistance, bannar allan fjárhagslegan stuðning við alþjóðasamtök sem bjóða upp á fóstureyðingu eða tilvísanir til fóstureyðinga. Ríkisstjórn Donalds Trump víkkaði út regluna svo að hún taki til allrar styrkfjárhæðarinnar í fjárlögum en hún nemur 9 milljörðum Bandaríkjadala.

Samkvæmt hugveitunni Kaiser Family Foundation varðar The Global Gag Rule starfsemi 1275 aðila. Þeir gætu orðið af alls 2,2 milljörðum dala, um 18 milljörðum dala, af bandarískum styrkveitingum. International Planned Parenthood Federation, stærstu heilbrigðissamtök heims um kynlíf og barneignir, hafa orðið af um það bil 800 milljónum dala. Devex upplýsir að AMODEFA, aðildarfélag samtakanna Planned Parenthood í Mósambík, hafi neyðst til að fækka starfsfólki um helming, loka átján læknastofum og segja upp 650 starfsmönnum á sviði fræðslu og upplýsingamiðlunar um heilbrigðismál. Stjórnendur Family Life Association of Swaziland (FLAS) hafa neyðst til að fækka fjölda borga sem samtökin heimsækja úr fjórtán í fjórar og Botswana Family Welfare Association séð sig tilneydd að loka læknastofu.

Afleiðingar The Global Gag Rule koma hart niður á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindum kvenna. Er afar mikilvægt að spyrna fótum við þessari stefnu á alþjóðavettvangi og reyna að bæta stöðu þeirra sem hún bitnar á. Skal á það bent að í alþjóðlegu tilliti er rík þörf á að Norðurlönd tali einni röddu gegn reglunni og standi vörð um kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi kvenna.



Mörg norrænu landanna beita sér nú þegar á alþjóðasviðinu fyrir bættu kyn- og frjósemisheilbrigði kvenna. Norræn vinstri græn telja norrænt notagildi felast í því að Norðurlandaráð hvetji ríkisstjórnir á Norðurlöndum til að taka öll sem eitt afstöðu gegn reglunni. Myndi það efla starfsemi hvers lands á innlendum vettvangi og styrkja hlutverk norræns samstarfs og stöðu Norðurlanda í störfum þeirra á alþjóðavettvangi.

Helsingfors, 24. febrúar 2020

*Christian Juhl (EL)*

*Daniel Riazat (V)*

*Freddy André Øvstegård (SV)*

*Ina Strøjer-Schmidt (SF)*

*Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)*

*Lorena Delgado Varas (V)*

*Sofia Geisler (IA)*

*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*

*Veronika Honkasalo (VAS)*